



Erlend fjárfesting – nei takk

Skattadagurinn 2024 | Halldór Halldórsson, forstjóri

Íslenskt námufyrirtæki sem varð til árið 2001 vegna þess að byggð á Bíldudal var að leggjast af

Erlendir fjárfestar tóku verkefnið áfram



- Stofnað af Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða.
- Upphafið má rekja til þingsályktunartillögu sem lögð var fram árið 1995 af Pétri Bjarnasyni frá Bíldudal, sem þá var varaþingmaður Framsóknarflokksins, og Stefáni Guðmundssyni.
- Enginn íslenskur samstarfsaðili fékkst og enginn íslenskur banki vildi lána.
- Írska fyrirtækið Marigot kom með gríðarlega reynslu, klára markaðssetningu og fjölda vörumerkja frá starfsemi sinni og féllst á að taka áhættuna með Íslendingum.
- Marigot eignaðist 75% í félaginu árið 2001 og 99% árið 2009, en Marigot hefur verið í fararbroddi í rúma 2 áratugi í rannsóknum, þróun og nýtingu kalkþörungum og sölu afurða þeim tengdum.
- Marigot hefur síðan þá keypt nær alla framleiðslu Kalkþörungafélagsins, enda Marigot með sölunet sem spannar 70 lönd og yfir 100 skráð vörumerki.

1994–95. – 1064 ár frá stofnun Alþingis.
118. löggjafarþing. – 394. mál.

633. Tillaga til þingsályktunar

um tilraunavinnslu á kalkþörungum í Arnarfirði og Húnaflóa.

Flm.: Pétur Bjarnason, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að láta kanna hvort hagkvæmt geti verið að vinna áburð eða fóðurblöndunarefni úr kalkþörungum sem m.a. finnast í allmiklu magni í Arnarfirði og Húnaflóa.

Verði niðurstaðan jákvæð verði þessi mið könnuð frekar, áætlað magn kalkþörungum og árleg endurnýjun. Enn fremur verði markaðir fyrir þessa framleiðslu skoðaðir með tilliti til vinnslu- og flutningskostnaðar.

Sérstaklega verði skoðað hvort hægt sé að nýta vélakost sem nú er til staðar til þessarar vinnslu.

Greinargerð.

Það hefur verið vitað um árabíl að í Arnarfirði og Húnaflóa er að finna auðug mið kalkþör unga. Dr. phil. Helgi Jónsson segir m.a. frá þessu árið 1910 í ritum sínum um íslenska sæþör unga.

Þann 17. desember árið 2003 var skrifað undir vinnsluleyfi til handa félaginu

Fjárfestingin síðan þá nemur ríflega 20m EUR

- Bygging kalkþörungaverksmiðjunnar hófst haustið 2005.
- Framleiðsla hófst í september 2007 og hefur verksmiðjan síðan þá verið stækkuð með nýrri byggingu og þurrkara auk þess sem allur mengunarvarnabúnaður hefur verið uppfærður og endurnýjaður.
- Í byrjun var notað gas til þurrkunar en frá miðju ári 2010 hefur verið notað rafmagn.
- Starfsmenn verksmiðjunnar á Bíldudal eru að jafnaði 28 og auk þess starfsemin leiðir af sér önnur störf er tengjast margvíslegri þjónustu og ráðgjöf í tengslum við verksmiðjuna.
- Í byrjun júlí 2018 tók félagið á Bíldudal í notkun nýtt átta íbúða raðhús sem ætlað starfsfólki félagsins og var húsið fyrsta nýja íbúðabyggingin sem reist hafði verið á Bíldudal í 29 ár.
- Frá upphafi hefur Marigot fjárfest á Íslandi, í gegnum Kalkþörungafélagið, fyrir rúmar 22m EUR til hagsbóta fyrir Bíldudal, starfsmenn félagsins og ríkissjóð.

17. desember 2003 / Matvælaráðuneytið

| Vinnsluleyfi til handa Íslenska kalkþörungafélaginu ehf.



Í dag skrifaði Valgerður Sværissdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, undir vinnsluleyfi til handa Íslenska kalkþörungafélaginu ehf. til að taka og nýta kalkþörungaset sem er að finna á botni Arnarfjarðar. Um nokkura ára skeið hefur Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða unnið að kortlagningu og rannsóknunum á þessum setlögum og lét fyrir á þessu ári meta umhverfisáhrif vinnslunnar. Niðurstaða þessara rannsókna og matsins voru jákvæðar. Ein af forsendum umhverfismatsins og þar með leyfisins er að úrvinnsla kalkþörungasettsins fari fram við Arnarfjörð, en gert er ráð fyrir að það verði við Bíldudal.

Íslenska kalkþörungafélagið verður í 75% eigu írsku fyrirtækisins CelticSea Minerals Ltd. og 25% eigu Björgunar hf. Félagið hefur verið full fjármagnað og er í sjálfu sér tilbúið til að hefjast handa við vinnsluna. Flöskuhálsinn er, að sögn forráðamanna félagsins, að eftir er að byggja viðlegukant við verksmiðjuna en miðað við viðbrögð, t.d. samgönguráðuneytisins, sjá þeir engin vandkvæði á að í það verði ráðist fljótlega.

Afkastageta verksmiðjunnar verður um 40.000 tonn á ári en reiknað er með að í fyrsta áfanga verði hún um 8.000 tonn á ári og stækkuð í þrjú fulla getu í nokkrum áföngum. Heimsmarkaður fyrir kalkþörungamjöl er um 650.000 tonn á ári þannig að framleiðsla verksmiðjunnar við Bíldudal verður rúmlega 6% af heimsmarkaði. Um 10 til 15 manns fá vinnu í verksmiðjunni.

Áætlanir CelticSea Minerals gera ráð fyrir að verksmiðjan verði fullreist á árinu 2005 og framleiðsla hefjist þá um haustið. Framleiðslan, sem að lang mestu leyti er kalsíum karbónat (CaCO₃) fer að mestu í dýrafóður sem fæðubótaefni. Sum setlög hafa snefilefni sem gera að verkum að efnið hentar til manneldis og segja forráðamenn írsku fyrirtækisins að prófanir bendi til þess að það geti haft jákvæð áhrif á t.d. líðagigt. Hagnýting kalkþörungasetts til manneldis er þó á byrjunarstigi og óvíst hvernig íslenska setið hentar til þess.


Undirskrift vinnsluleyfisins í dag markar upphaf á nýrri starfsemi við Bíldudal sem ástæða er til að fagna enda um verulega búbot fyrir samfélagið að ræða.

Kalkþörungafélagið námur hráefni sem er alfarið þróað, unnið áfram og selt af Marigot

Þetta hráefni fæst víðar en á Íslandi, t.d. í Noregi og Brasilíu



Starfsemin á Íslandi



Starfsemin á Írlandi



Fyrirspurn berst frá RSK í ágúst 2020 sem varðaði söluna til Marigot

Skattstofn hækkaður um 2,4 ma. kr. á grundvelli ófullnægjandi gagna að mati RSK



- Kalkþörungafélagið lagði í grunninn 50% álag ofan á tiltekinn kostnað við söluna á hráefninu til Marigot, en Marigot tryggir það að kaupa upp alla framleiðslu félagsins og því engin áhætta við framleiðsluna.
- RSK taldi kostnaðargrunninn vanáætlaðan og hækkaði tekjuskattstofn félagsins sem nam þeim viðbótarkostnaði **en hélt 50% álaginu** og lagði 25% álag ofan á – sem þýðir 2,4 ma. kr. endurákvörðun.
- Allar gjaldabreytingar gerðar á grundvelli milliverðlagsskýrslu fyrir rekstrarárið 2018 sem RSK taldi þó ófullnægjandi. Að auki var þessi ófullnægjandi skýrsla talin góður grunnur fyrir breytingar á gjöldum félagsins 2016, 2017, 2019 og 2020.
- RSK bað aldrei um skýrslur fyrir árin 2016-2020 þegar þau ár voru endurákvörðuð, líkt og lög gera ráð fyrir. Ófullnægjandi skýrslan fyrir 2018 var talin duga.
- RSK lagði ekkert efnislegt mat á milliverðlagninguna þrátt fyrir skýr tilmæli í lögum og leiðbeiningum OECD sem lögin byggja á.
- Nákvæmlega eins erlent fordæmi alfarið hunsað.

1

Hvað segja lögin?

„Ef verðlagning og/eða skilmálar í viðskiptum milli tengdra lögaðila [...] eru ekki sambærileg því sem almennt gerist í viðskiptum á milli ótengdra aðila **skal meta** og eftir atvikum **leiðrétta** verðlagninguna“

2

Hvað segja leiðbeiningarreglur OECD?

Skattyfirvöld verða að geta sýnt fram á að endurákvörðun „*is justified both in principle and as regards the amount.*“

3

Hvað þýða þessir úrskurðir?


Skattyfirvöld þurfa ekki að leggja mat eða leiðrétta viðskiptin til að niðurstaða þeirra sjálfra sé á armslengdargrunni og skattaðilinn virðist alltaf bera hallann þrátt fyrir rannsóknar- og meðalhófsregluna.

Úrskurðir skattyfirvalda leiða til niðurstöðu sem stenst ekki armslengdarregluna

Sama hvaða mælikvarða er horft til




- Eftir úrskurðina stendur að Kalkþörungafélagið sker sig verulega frá sambærilegum félögum, sama hvað mælikvarða er horft til.
- Myndin hér til hliðar sýnir EBIT margínu Kalkþörungafélagsins samanborna við EBIT margínu sambærilegra fyrirtækja innan Evrópu. Vakin er athygli á því að ein súlan sker sig verulega frá hinum.
- Hvaða félög eru það sem bera litla áhættu sem skila um 35% EBIT, en það er lágmarkið að mati RSK fyrir Kalkþörungafélagið. Félagið var rétt undir miðgildi sambærilegra félaga en RSK telur félagið eiga að skila um 2falt hærra framlegð en hæsta félagið í greiningunni.
- Samtal við RSK hófst í kjölfar úrskurða þar sem RSK staðfesti „...**að þau hefðu nú líklega gengið of langt**“. Þetta var okkur sagt á fundi með embættinu.
- RSK lagði í kjölfarið til breytingu sem félagið átti að óska eftir, þar sem að ekki væri miðað við 35% EBIT heldur eitthvað hóflegra. Félagið sendi þá leiðréttingarbeiðni inn eftir forskrift RSK. RSK sneri sér þá við og hafnaði henni.
- Næsta skref er því miður að takast á um þetta mál fyrir dómstólum sem vonandi sjá að málatilbúnaður skattyfirvalda stenst ekki.



Hvað leiðir af svona máli?

Víðtækari áhrif en eingöngu á Kalkþörungafélagið



Setur frekari fjárfestingu félagsins í uppnám

Áætlað umfang fjárfestingar á Súðavík á fyrri stigum voru um 8 ma. kr., sem óvíst er hvort verði af.

Vont fordæmi almennt fyrir erlenda fjárfestingu

Séríslensk túlkun á sameiginlegu OECD regluverki, líkt og ráðgjafar beggja megin hafsins hafa sagt þetta mál sýna fram á, hefur neikvæð áhrif á fjárfestingu.

Neikvæð áhrif á byggðalög

Sér í lagi minni byggðalög þar sem fjárfestingar hafa til lengri tíma verið af skornum skammti og stjórnvöld nú og fyrr lagt mikið upp með að efla.

Ísland sker sig frá öðrum löndum

Hvað er Ísland að bjóða fjárfestum upp á? Hærri launakostnað, ófyrirsjáanlega stjórnsýslu og Skattyfirvöld sem telja það endurspegla „armslengd“ að krefjast 35% EBIT margínu ef félög eiga í viðskiptum við tengda aðila?



Erlend fjárfesting – nei takk

Skattadagurinn 2024 | Halldór Halldórsson, forstjóri